


Bæjarstórnin í Hafnarfirði
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	16/12 2015
Málsnr:	1512215
Bréfál:	461.0



11. desember 2015
UST201512-068/G.A.Ó.
06.04.00

Kortlagning hávaða og hávaðamælingar

Umhverfisstofnun vill minna sveitarfélög á tímasetningar hávaðamælinga vegna kortlagningar hávaða og gerð aðgerðaáætlana.

Gerð hávaðakorta (byggða á hávaðamælingum) yfir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári og fyrir þéttbýlissvæði skal lokið eigi síðar en 30. júní 2017 skv. ákvæðum reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir.


Flestir stórir vegir þar sem umferð er meiri en þrjár milljón ökutækja á ári eru í umsjón Vegagerðarinnar. Slíkir stórir vegir eru einnig í umsjón Hafnarfjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur. Hávaðakortlagningin er tvíþætt: Annars vegar að kortleggja stóra vegi með umferð yfir 6 milljónir ökutækja á ári. Hins vegar að kortleggja stóra vegi með umferð 3-6 milljónir ökutækja á ári og þéttbýlissvæði sem eru með yfir 100.000 íbúa. Í fyrsta áfanga (stórir vegir með umferð >6 millj ökutækja á ári) er Vegagerðin ábyrgðaraðili, þar sem Vegagerðin rekur flesta þeirra vega. Í öðrum áfanga eru Vegagerðin og sveitarfélög í bland ábyrg en það fer eftir legu veganna. Sveitafélög sem eru skilgreind þéttbýlissvæði >100.000 íbúar þurfa að kortleggja vegi innan þéttbýlis sem eru með umferð me en 3 milljónir ökutækja á ári.


Eftirtalin sveitafélög teljast til þeirra þéttbýlissvæða sem þarf að kortleggja: Akureyri, Árborg, Borgarbyggð, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Aðilar og sveitafélög geta haft samband við Umhverfisstofnun og fengið sendar ítarlegri leiðbeiningar er viðkemur hávaðakortlagningu sendar á tölvupósti. Einnig er bent á að aðilar og sveitafélög geti leitað til verkfræðistofa varðandi nánari leiðbeiningar í vinnuferlinu. Umhverfisstofnun ráðgerir að halda upplýsingafund á vormánuðum 2016 um hávaðamælingar vegna kortlagningar og gerð aðgerðaáætlana.

Umhverfisstofnun ítrekar að gerð hávaðakorta yfir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári og fyrir þéttbýli, sem og skil gagna til Umhverfisstofnunar skv. bréfi þessu, skal lokið eigi síðar en 30. Júní 2017.

Virðingarfyllst


Gunnar Alexander Ólafsson


Guðrún Lilja Kristinsdóttir